

27. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 23. júní 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Marinósson, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Dagrún Þórisdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 09.06.2011

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð Eypings dags. 31.05.2011

Lögð fram til kynningar.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- a. Sveitarstjóri lagði fram tvö tilboð sem borist hafa í John Deere dráttarvél sveitarfélagsins ásamt fylgihlutum. Samþykkt samhljóða að selja velina á ca.4. millj. + vsk. og sveitarstjóra falið að ath. hvort og þá hvað þurfi að koma í staðinn.
- b. Sveitarstjóri lagði fram svarbréf sem hann fékk 21.júní sl. vegna vatnslagnar út á flugvöll.
- c. Sveitarstjóri sagði frá því að stjórn Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Þórshafnar hafi gefið íþróttahúsinu æfingatæki fyrir bak að upphæð kr. 300.000-.
Sveitarstjórn þakkar verkalýðsfélaginu fyrir þessa höfðinglegu gjöf.
- d. Sveitarstjóri fór yfir góðan fund sem sveitarstjórnarmenn átta með forsvarsmönnum skipulagsstofnunar og skipulagsráðgjafa Lnb. ásamt starfsmanni hans sl. mánudag Unnið verður áfram í aðalskipulaginu í samstarfi við Skipulagsstofnun, jafnframt kom skýrt fram á fundinum að Langanesbyggð hefur staðið rétt að allri vinnu við skipulagið. Einn kom fram á fundinum að 7. grein jarðarlaga hafi ekki verið beitt áður við aðalskipulag og í lögfræðialiti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er þessi niðurstaða skipulagsstofnunar talin lögfræðilega hæpin.
Reimar Sigurjónsson sagði að hann hefði viljað sjá sveitarstjóra segja frá fundinum undir auglýstri dagskrá.
- e. Sveitarstjóri sagði frá því að annan í hvítasunnu hafi komið óvænt til hans menn frá kínversku fyrirtæki en þeir voru að skoða aðstöðu hér með fjárfestingar í huga í sambandi við nýtingu á vatnsauðlindum.

4. Samstarfssamningur sveitarfélaga í Eypingi um menningarmál dags.18.04.2011

Lagður er fram samstarfssamningur um menningarmál í tengslum við samstarfssamning ríkis og sveitarfélaga í Eypingi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu árin 2011-2013 samningurinn er samþykktur af öllum sveitarfélögum með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samstarfssamningurinn samþykktur samhljóða.

5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 01.06.2011

Í bréfi sambandsins er bent á öryggi á sundstöðum.

Samþykkt samhljóða að vísa þessu til íþróttá- og tómstundanefnda. Áriðandi að unnið sé hratt að málinu.

6. Minnisblað vegna úttektar á Vatnsveitu Þórshafnar.

Lagt fram til kynningar.

7. **Bréf Úrskurðarnefndar um upplýsingamál dags. 01.06.2011**

Í bréfi Úrskurðarnefndar er tilkynnt að búið er að falla frá kærðu á hendur sveitarstjórn Langanesbyggðar. Lagt fram til kynningar.

8. **Bréf vegna Austfjarðatröllsins dags. 09.06.2011**

Í bréfinu er verið að bjóða sveitarfélaginu að taka þátt í Austfjarðatröllinu 2011 Samþykkt samhljóða að taka þátt í verkefninu en það mun kosta kr. 100.000.-.

9. **Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 20.06.2011**

Lagt fram til kynningar .

10. **Kosning oddvita og varaoddvita.**

a. Kosning oddvita.

Fram fór leynileg kosning og hlaut Siggeir Stefánsson 5 atkvæði og Sigurður Ragnar Kristinsson 2 atkvæði.

b. Kosning varaoddvita.

Fram fór leynileg kosning og hlaut Ævar Marínósson 4 atkvæði , Reimar Sigurðsson 2 atkvæði og Indriði Þóroddsson 1. atkvæði.

Samþykkt að taka sumarleyfi til 18. ágúst nk.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50